



Akureyrarbær



Ársskýrsla Akureyrarbæjar

2021

Umhverfis- og mannvirkjasvið

Umhverfis- og mannvirkjasvið

Umhverfis- og mannvirkjasvið hefur umsjón með framkvæmdum og viðhaldi húseigna, gatna, gangstétta, stíga, grænna svæða og annarra innviða bæjarins. Sviðið hefur umsjón með daglegum rekstri svo sem hreinsun gatna, sorphirðu, snjómokstri og slætti, svo eitthvað sé nefnt. Auk þess fellur undir sviðið rekstur slökkviliðs- og brunavarna, Strætisvagnar Akureyrar og ferliþjónusta. Rekstur Hlíðarfjalls var færður undir sviðið seinni hluta ársins.

Markmið starfseminnar er að veita bæjarbúum og öðrum sem til bæjarins koma sem besta þjónustu með því að halda öllum innviðum í góðu ásigkomulagi.

Fasteignir – nýframkvæmdir

GLERÁRSKÓLI OG KLAPPIR

Glerárskóli er þrjár kennsluálmur auk stjórnunar-álmur, tengigangs, íþróttahúss og sundlaugar. Í desember 2018 var ákveðið að fara í byggingu leikskóla við Glerárskóla sem fyrsta áfanga við að koma fyrir samfelldum skóla í hverfinu fyrir börn frá eins árs aldri og til loka grunnskóla.

Undirbúningur að byggingu leikskóla sunnan við íþróttahús Glerárskóla hófst á árinu 2015. Leikskólinn er hannaður fyrir börn frá eins árs aldri og er sjö deilda. Fjöldi barna í skólanum fer eftir aldri en hönnun gerði ráð fyrir 145 börnum. Heildarstærð byggingar er um 1.450 fermetrar. Ákveðið var að bjóða út alla framkvæmdina í heild sinni. Innifalið í útboði var frágangur á húsnæðinu að innan sem og utan ásamt lóðarvinnu. Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskaði eftir tilboðum í verkið í febrúar 2020 og opnun tilboða fór fram 11. mars 2020. Framkvæmdir hófust í apríl 2020 og í byrjun september 2021 var langþráðum áfanga náð þegar leikskólinn var tekinn í notkun.

Á árinu var unnið að innanhússfrágangi, girðingu, leiksvæði barna og bifreiðastæði. Skólinn er á tveimur hæðum og er tengdur við núverandi skóla og íþróttahús með tengibyggingu. Á árinu 2022



verður gengið frá inngarði og það sem ekki náðist að klára utanhúss á lóðinni.

Samhliða byggingu leikskóla var unnið að endurbótum á eldra húsnæði, hugsaðar breytingar á aðkomu, leiksvæði skólans og íþróttahúsi. Helstu áherslur sem lagðar voru til grundvallar við hönnun var að mæta þörfum barnanna jafnt sem og veita kennurum góða aðstöðu. Markmiðið er að hanna og endurgera skólahúsnæðið þannig að það þjóni starfseminni eins og best verður á kosið og uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til skólahúsnæðis í dag,

svo sem með tilliti til hljóðvistar, eldvarna, loftgæða, öryggismála og tæknimála m.a. varðandi kennslu, svo eitthvað sé nefnt. Skólinn og íþróttahús verða búin öllum helstum nýjungum og áhersla lögð á að að þjóna sem best íbúum hverfisins.

A- og B-álmur eru elstu byggingarnar en þær voru reistar árið 1971 og D-álma var byggð 1979. Lokið var við endurbætur B-álmur haustið 2019, framkvæmdum við efri hæð D-álmur lauk haustið 2020 og endurbótum á neðri hæð lauk árið 2021. Á árinu 2021 var unnið að hönnun A-álmur skólans sem hýsir verkgreinar, almenna kennslu og skrifstofu starfsmanna. Stefnt er að því að ljúka endurbótum A-álmur í byrjun árs 2023. Í framhaldinu verður farið í lokaáfangann sem er C-álma, lóð skóla og aðkoma að mannvirkjum í heild. C-álma mun hýsa m.a. sal, eldhús, bókasafn, félagsaðstöðu og sameiginlegt anddyri. Hönnun á lokaáfangi er á frumstigi.

Erindi barst þann 3. febrúar 2021 frá vinum Ágúst H. Guðmundssonar, sem féll frá í upphafi árs, um að reisa veglegan útikörfuboltavöll við Glerárskóla. Erindið var tekið fyrir hjá umhverfis- og mannvirkjaráði sem lýsti ánægju með framtakið og ákveðið var að vinna að málinu með hlutaðeigandi. Körfuboltavöllurinn verður í fullri keppnisstærð, 15x28 metrar og með 2 metra öryggissvæði umhverfis hann. Meðfram norðurhlíð vallarins er svæði fyrir áhorfendabekki. Um er að ræða steipta stalla og eru timburbekkir á stálfótum boltaðir niður í steypuna. Milli bekkjaraða og við enda þeirra eru 90 sm há handrið til að stýra umferð og tryggja öryggi. Gert er ráð fyrir að áhorfendabekkir nýtist einnig fyrir varamenn og ritara á keppnisleikjum.

Nánast allt innra byrði í sal íþróttahúss Glerárskóla var endurnýjað á árinu 2020 ásamt þaki. Sérstaklega var hugað að hljóðvist í salnum með hljóðisogi í loftum og hluta veggja. Einnig voru settar upp tvær snyrtingar og búningsaðstaða fyrir fólk með fötlun sem var klárað á árinu 2021. Eftir er að klára búningsklefa, tengingang og aðkoma sem verður hannað samhliða C-álmur Glerárskóla.



LUNDARSKÓLI A- OG B-ÁLMA

Á vordögum 2020 var gerð úttekt á gæðum innvistar í húsnæði Lundarskóla. Fram komu vísbendingar um mögulegar rakaskemmdir og nauðsynlegt var að grípa til viðeigandi ráðstafana. Eftir yfirferð sérfræðinga var ákvörðun tekin um að fara í heildarendurnýjun á elsta hluta húsnæðisins, þ.e. A- og B-álmum. Lundarskóli er tvær kennsluálmur og tengibygging sem tengir álmurnar við miðju þar sem er m.a. salur skólans. Um er að ræða heildarendurnýjun á svokölluðum A- og B-álmum skólans þar sem nær öll kennsla í Lundarskóla fer fram. Álmurnar voru byggðar á árunum 1974-1978.

Finna þurfti 7.-10. bekk nýjan samastað í tvö ár og var ákvörðun tekin um að færa starfseminna í Rósenborg í tvo vetur og að 1.-6. bekkur yrði áfram í húsnæði skólans á meðan álmurnar væru lagfærðar. Skólahúsnæðið er endurnýjað og hannað þannig að það þjóni starfseminni eins og best verður á kosið og uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til skólahúsnæðis í dag og í framtíðinni. Hugað er að þáttum eins og breyttum kennsluháttum, líðan nemenda, sveigjanleika, ólíkum þörfum, hagkvæmni í rekstri og einnig tæknilegum þáttum svo sem hljóðvist, eldvörnum, loftgæðum og öryggis-, tækni- og umhverfismálum.



Framkvæmdum við Lundarskóla er skipt upp í tvo áfanga: Byrjað var á framkvæmdum við A-álmú, anddyri og tengigangi og var framkvæmd boðin út í september 2020 og verklok voru í byrjun júlí 2021. Hönnun á B-álmú hófst síðla árs 2020. Var sá áfangi boðinn út í apríl 2021 og verklok eru áætluð í júní 2022.

Umhverfis- og mannvirkjasvið óskaði eftir verði í húsgögn fyrir fullbúin námsrými og samverurými fyrir kennsluálmur Lundarskóla í byrjun árs 2021. Lagt var í hendur bjóðenda að koma með heildarlausn á búnaði fyrir skólann og sýna á myndum uppröðun húsgagna í rýmum. Meðal annars var áhersla lögð á að sýna hvernig nýta mætti rýmin á ólíkan hátt með þeim húsgögnum sem boðin væru hjá hverjum bjóðanda fyrir sig. Við mat á tilboðum var horft til hönnunar á rýmum, gæða vöru, sveigjanleika, vinnuaðstöðu í rýminu og viðgerðarþjónustu. Horft var til gæða, endingar húsgagna og reynslu af þeim vörum sem boðnar voru. Við mat á hönnun er horft til heildarásýndar, uppröðunar, sveigjanleika, vinnuaðstöðu og nýtingar á rými. Niðurstaðan var góð og er mikil ánægja með þá niðurstöðu sem varð fyrir valinu.

RÁÐHÚS AKUREYRARBÆJAR

Bæjarstjórn ákvað að ráðist skuli í viðbyggingu við Ráðhús Akureyrar að undangenginni samkeppni um útlit hússins. Markmiðið með framkvæmdinni er að færa alla miðlæga starfsemi Akureyrarbæjar á einn stað en fram að þessu hefur stjórnarsýslan verið til húsa bæði að Geislagötu 9 og Glerárgötu 26.

Með því að sameina alla stjórnarsýslu sveitarfélagsins undir einu þaki næst fram umtalsvert hagræði og mun lægri rekstrarkostnaður til lengri tíma litið.

Ráðhús Akureyrar er eitt af kennileitum bæjarins. Húsið var byggt á árunum 1949-1966 eftir teikningum arkitektanna Eiríks Einarssonar og Sigurðar Guðmundssonar. Fyrst um sinn þjónaði það sem slökkvistöð bæjarins en þegar húsið var fullgert árið 1966 voru þar einnig Rafveita Akureyrar, tæknideild bæjarins, bæjarskrifstofur og skrifstofa bæjarstjóra.

Ákveðið var að byggja við Ráðhúsið og endurnýja það í heild sinni. Efnt var til samkeppni í samráði við Arkitektafélag Íslands um viðbyggingu við Ráðhúsið á Akureyri og endurhönnun á lóð og aðkomu ráðhússins. Markmið með viðbyggingu




og endurbótum á eldra húsnæði er að fullnægja sem best þeim kröfum sem gerðar eru til skrifstofuhúsnæðis í dag og aðlaga starfsemina að breytingum sem verða munu í framtíðinni. Lausnin þyrfti að taka bæði til viðbyggingar og breytinga innanhúss í núverandi húsnæði.

Skilafrestur tillagna var 24. júní 2021 og hafði 4 arkitektastofum verið boðið að taka þátt í samkeppninni að undangengnu forvali.

Dómnefnd fór yfir tillögur og hlaut framlag frá Yrki arkitektum fyrstu verðlaun. Í umsögn dómnefndar kemur eftirfarandi fram:

„Tillagan er í senn bæði nútímaleg, faguð og ber ytri ásýnd tillögunnar með sér ákveðna festu sem fellur vel að hlutverki hússins sem Ráðhús Akureyrar. Samspil hins nýja við hið gamla ber með sér virðingu fyrir sögu hússins, en slær um leið skýran og metnaðarfullan tón til framtíðar. Með tilkomu þverbyggingarinnar verður til minni inngarður á lóðinni sem gæti orðið skemmtileg viðbót við bæjarmyndina. Inngarðurinn snýr til suðvesturs og færir hluta af starfsemi ráðhússins nær íbúum bæjarins. Þannig má vel sjá fyrir sér að garðurinn verði vinsæll viðkomustaður á góðviðrisdögum bæði meðal starfsmanna ráðhússins og annarra íbúa. Tillagan er vel unnin og sannfærandi og var það niðurstaða dómnefndar að veita henni 1. verðlaun og mæla með tillögunni til frekari hönnunar og útfærslu sem Ráðhús Akureyrarbæjar.“

Áætlað er að Ráðhús Akureyrarbæjar verði risið að þremur til fjórum árum liðnum.



NÖKKVI

Á vordögum 2015 gerði Akureyrarbær uppbyggingar- og framkvæmdasamning við Nökkva, félag siglingarmanna á Akureyri. Í framhaldinu tók verkefnislið til starfa og var ákveðið að fara í hugmynda- og hönnunarsamkeppni í júlí 2016.

Í umsögn dómnefndar um tillöguna sem varð fyrir valinu kemur m.a. fram: „Byggingin fellur vel að umhverfinu en er með nútímalegu útliti. Þjónustubygging er opin og björt. Form hússins er einfalt og hlutföll byggingarinnar vel leyst. Góð tenging næst við nánasta umhverfi. Tillagan felst í sérstakri og áhrifamikilli lausn á samspili húss, sjávar og lóðar. Aðkoma að húsi er áhrifamikil og vekur athygli þeirra sem leið eiga um svæðið. Húsið nýtist vel fyrir starfsemi Nökkva og er einnig mikið aðdráttarafl. Útsýnispallur er á þaki þjónustuhúss sem býður upp á ýmsa möguleika.“

Verkið var boðið út á árinu 2020 og verklok voru sumarið 2021. Eftir er að ganga frá bifreiðastæðum sem fylgja húsnæðinu og verður það gert þegar eldra húsnæðið hefur verið fjarlæggt.

SKAUTAHÖLL

Á árinu 2021 var unnið að hönnun að stækkun og endurbótum á félagsaðstöðu. Byggja á stigahús, félagsaðstöðu, svalir, stiga og koma fyrir lyftu. Samtals gólfblötur er um 300 m² og viðbygging fyrir flóttastiga er um 20 m². Framkvæmdum við ytra byrði og félagsaðstöðu þarf að ljúka fyrir haustið 2022 til að raska ekki starfsemi skautafélagsins sem hefst á þeim tíma. Eins þarf framkvæmdum við fyrstu hæð afgreiðslu og aðkomu að vera lokið á sama tíma. Heildarverki verði lokið vorið 2023.

KA KEPPNISVÖLLUR, STÚKA OG ENDURNÝJUN Á GERVIGRASI

Akureyrarbær og Knattspyrnufélag Akureyrar (KA) gerðu með sér samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu gervigrasvalla og áhorfendastúku á félagssvæði KA við Dalsbraut. Markmið samkomulagsins er tvíþætt: Annars vegar að efla og bæta íþróttaaðstöðu á félagssvæði KA með því að leggja nýjan gervigrasvöll í fullri stærð á svæðið ásamt því að byggja 1.000 sæta áhorfendastúku og hins vegar að losa starfsemi KA af Akureyrarvelli

svo Akureyrarbær geti hafið vinnu við að endurskipuleggja svæðið undir aðra starfsemi. Eins mun Akureyrarbær sjá um að endurnýja gervigrasmottu á núverandi gervigrasvelli. Frumhönnun hófst á árinu og reiknað er með að framkvæmdum ljúki á árinu 2024.

Leiguíbúðir - nýframkvæmdir SANDGERÐISBÓT

Markmið með hönnun og byggingu lítilla einbýlishúsa í Sandgerðisbót var að mæta þörf á litlum húsum fyrir fólk sem þarf sértækt húsnæðisúrræði. Aðalkostur við staðsetninguna er að engar leiguíbúðir eru fyrir á svæðinu. Lóðin er hentug, ekki inni í íbúðarhverfi, stutt í strætó, stutt í matvöruverslun og stutt í náttúru og fallegar gönguleiðir. Ákveðið var að bjóða verkið út í alútboði árið 2020. Alútboð innihélt alla hönnun, alla byggingarvinnu og frágang inni og úti, einnig skyldi gera ráð fyrir að hægt yrði í framtíðinni að bæta við tveimur húsum til viðbótar á lóðinni. Allur frágangur á lóðinni og aðkomu var inni í útboðinu. Fyrstu tvö húsin voru tilbúin sumarið 2021. Á árinu 2022 verður farið í að byggja seinni tvö húsin á lóðinni og eru verklok áætluð sumarið 2023.

GLERÁRHOLT

Húsnæðismál fólks með fjölpættan vanda hafa lengi verið í umræðunni hjá Akureyrarbæ. Mikil vinna hefur verið lögð í að finna staðsetningu í samvinnu skipulagssviðs, umhverfis- og mannvirkjasviðs,

fjölskyldusviðs og búsetusviðs. Einnig hefur bæjaráð komið að málinu. Ljóst er að lausnir fyrir þennan hóp eru ekki auðfundnar þótt ganga þurfi út frá að þjónustan sé kominn til að vera á Akureyri. Í mörg ár hefur verið leitað að staðsetningu sem hentar en ekki gengið sem skyldi. Horft hefur verið til ýmissa lausna. Þess vegna þarf að gera ráð fyrir þjónustunni þegar horft er til framtíðarskipulags svæða á Akureyri.

Seinni hluta árs 2019 kom á sölu tveggja íbúða hús, Glerárholt, sem er byggt 1947. Aðalkostur við húsið er staðsetningin og engar leiguíbúðir eru fyrir á svæðinu. Eftir nokkra skoðun á málinu var ákveðið að bjóða í íbúðirnar. Tilboð var gert í byrjun febrúar 2020 og það samþykkt af eigendum.

Frumhönnun hóst í mars og ákveðið var að athuga hvort koma mætti fjórum íbúðum fyrir í húsinu, en niðurstaða var að þær yrðu þrjár.

Verkið var unnið í alverktöku sem nær yfir alla hönnun, rif, undirbúning og endurbyggingu á húsnæðinu í heild miðað við þrjár íbúðir, tvær á efri hæð og ein á neðri hæð. Framkvæmdir hófust á haustdögum 2020 og verklok áætluð í lok maí 2021. Gengið verður frá aðkomu og lóð samhliða framkvæmdum í Holtahverfi.





Fasteignir – viðhald

LEIKSKÓLAR

Á árinu voru helstu verkefni í leikskólum innanhússmálun, uppfærsla malarleiksvæða og fallvarnarefni, endurnýjun á girðingum, endurnýjun leiktækja, endurnýjun gólfefna og uppfærslur á úti- og innilýsingu í LED. Byrjað var að gera nauðsynlegar breytingar í leikskólum vegna innritunar tólf mánaða barna.

GRUNNSKÓLAR

Helstu viðhaldsverkefni í grunnskólum voru ný gólfefni, endurnýjun á myndavélum, uppfærslur á inni- og útilýsingu í byggingum og á bílastæðum í LED, endurnýjun eldhústækja, hússtjórnarkerfa, brunakerfa, hitakerfa og rafmagnstaflna. Byrjað var á átaki í uppsetningu og endurbótum á stýringum á orkunotkun eins og hita, rafmagni og snjóbræðslum til að bæta rekstrarkostnað. Gerður var nýr körfuboltavöllur við Oddeyrarskóla.

MENNINGARMANNVIRKI

Stígur að Nonnahúsi var endurgerður og fékkst í verkefnið styrkur frá Húsafriðunarnefnd. Hofi barst peningagjöf til að setja upp lýsingu í forsal vegna 10 ára afmælis og verður verkefnið klárað á árinu 2022. Hákarlasafnið í Hrísey og Amtsbókasafnið voru máluð að utan og Hof var sílanborið. Hellulögn við lðnaðarsafnið var endurbætt.

ÍÞRÓTTAMANNVIRKI

Í sundlaugum var unnið við endurbætur á hreinsibúnaði, hússtjórnunarkerfum m.t.t. orkunotkunar, loftræstikerfum, rafmagni og hitakerfum. Íþróttahús Síðuskóla var málað að utan og íþróttahús Giljaskóla var sílanborið ásamt því sem frárennsli hússins var endurbætt. Í íþróttahúsi Lundarskóla og Íþróttahöllinni var hönnuð ný

lýsing innanhúss og verður það verkefni klárað á árinu 2022. Í Hlíðarfjalli fékk þjónustuhúsið fallega upplýftingu innanhúss sem tókst afar vel.

ÖLDRUNARMANNVIRKI

Breytingar urðu á rekstri öldrunarheimila 1. maí 2021 og hann færður til einkaaðila. Viðhald fasteigna færðist til rekstraraðila að hluta en Lögmanshlíð er áfram hjá Akureyrarbæ.

ÞJÓNUSTUBYGGINGAR

Í Ráðhúsinu voru drenlagnir í kjallara endurbættar og við Slökkvistöðina var sett upp ný varaafsstöð.

LEIGUÍBÚÐIR

Tíu íbúðir voru endurnýjaðar í heild sinni á árinu. Í Vallartúni 2 var farið í málun og múrviðgerðir utanhúss. Þakið á Hólabraut 18 í Hrísey var endurnýjað.

Götur og stígar - nýframkvæmdir

NAUSTAHVERFI - 6.-7. ÁFANGI (HAGAR)

Hagar var stærsta verkefnið í gatnaframkvæmdum ársins. Um er að ræða hefðbundna gatnagerð og lagningu lagna veitustofnana, uppbyggingu grænna svæða og leiksvæða. Framkvæmdin skiptist í tvennt og hófst fyrri áfanginn árið 2015 en sá seinni árið 2018. Vel gekk og lauk jarðvinnunni undir lok ársins 2019 í seinni áfanga. Yfirborðsfrágangur hófst árið 2017 þegar unnið var við malbikun gatna, stétta, stíga og bílastæða og lokið var við að leggja malbik á síðustu götur hverfisins haustið 2021. Þó á að mestu eftir að leggja seinna malbikslag á safn- og tengibrautir hverfisins en áætlað að því verði lokið árið 2023/2024. Unnið var að grænum svæðum hverfisins en sú vinna hófst árið 2018 og lokafrágangur þess gæti farið fram 2022/2023. Heildarfrágangur hverfisins getur þó tekið um 2-3





ár í viðbót sem mun ráðast af uppbyggingarhraða byggingaraðila en búið var að úthluta flestöllum íbúðarhúsalóðum í lok árs 2021. Í hverfinu eru þrjár lóðir sem ekki eru hafnar framkvæmdir á sem eru þjónustulóð, leikskólalóð og lóð fyrir 6 íbúðareiningar fyrir íbúa sem þurfa á þjónustu að halda.

HOLTAHVERFI - NORÐUR HVERFI - 1. ÁFANGI

Holtahverfið er næsta stóra verkefni í gatnaframkvæmdum og er áætlað að uppbygging standi yfir árin 2021-2026 en ræðst þó að einhverju leyti afframkvæmdahraða byggingaraðila. Markmið með þessu nýja hverfi er að bjóða upp á nýjar lóðir í bæði gömlu og nýju hverfi á einu fallegasta svæði Akureyrar. Svæðið býður upp á útsýni til allra átta og er í nágrenni við falleg útivistarsvæði, smábátahöfn, verslun og atvinnusvæði. Einnig verður umferðarskipulag svæðisins bætt og hugað að göngu- og hjólaleiðum í hverfinu og tengingu þess við önnur hverfi. Gert er ráð fyrir rúmlega 300 nýjum íbúðum á uppbyggingarsvæðinu. Um er að ræða nokkuð hefðbundna gatnagerð og lagningu lagna veitustofnana, ásamt gerð útivistarsvæða, leiksvæða og útivistarstíga. Hverfið er þó frábrugðið öðrum hverfum að því leyti að íbúagötturnar eru byggðar upp af hefðbundnum 30 km götum ásamt svokölluðum vistgötum þar sem óvarðir vegfarendur verða í forgangi og götur verða prýddar gróðri og bekkjum.

Verkhönnun hverfisins hófst í apríl 2021 en deiliskipulagið öðlaðist gildi um miðjan maí. 1. áfangi gatna- og lagnavinnu var boðinn út seint um haustið og samið var við verktaka í nóvember. Undirbúningsvinna verktaka hófst svo í desember en samkvæmt verksamningi eiga fyrstu lóðir að

vera byggingarhæfar vorið 2022 og allar lóðir undir lok sama árs. Á árinu var áfram unnið við hönnun 2. áfanga gatna- og lagnavinnu og er stefnt að þeirri vinnu ljúki um mitt ár 2022.

NAUSTAHVERFI - ELDRI ÁFANGI

Uppbygging íbúðarhúsnaðis stendur ennþá yfir á nokkrum stöðum og því er eftir að ganga frá nokkrum stígum/stéttum og grænum svæðum. Framkvæmdum við þessa áfanga gæti lokið árið 2023.

AUSTURBRÚ - FRÁGANGUR

Frágangur við malbikun götu, hellulögn gangstétta ásamt lýsingu hófst 2018. Staðið hefur á byggingarframkvæmdum við suðurenda svæðisins og því var lítið gert. Seint um haustið 2020 hófst vinna við að undirbúa malbikun seinni botnlangans en ekki tókst að ljúka því vegna veðurs. Framhald frágangs ræðst af því hvernig uppbygging á seinni tveimur lóðunum gengur. Eftt var til hugmyndasamkeppni á lóðunum tveimur og í framhaldinu var þeim úthlutað og gerð deiliskipulagsbreyting af svæðinu. Framkvæmdir við jarðvinnu við byggingarnar hófust á árinu og gert er ráð fyrir að uppsteypa og utanhússfrágangur standi yfir árin 2022-2023. Þannig að frágangur umhverfis bygginganna gæti í fyrsta lagi hafist árið 2023. Þar er gert ráð fyrir fallegum garði milli húsanna sem byggingaraðili mun sjá um framkvæmd á en Akureyrarbær tekur að því búnu við svæðinu til reksturs og umsjónar.

KRÓKEYRI

Endurgerð Krókeyrar hófst haustið 2020 ásamt gerð stofnstígs austan við Skautahöllina. Jarðvegsskiptum tókst að ljúka á stíghlutanum og á um helmingi Krókeyrar, áður en verkinu var frestað til vorsins 2021. Verkið hófst á ný sumarið 2021 og voru gata, stígur, stéttar og bílaplön malbikuð ásamt því að hellulögn var kláruð og tré gróðursett. Ekki tókst að ljúka við nokkur græn hliðarsvæði fyrir veturinn og verða þau því kláruð snemmsumars 2022.



KAUPVANGSSTRÆTI

Endurgerð stíga og svæða við Kaupvangsstræti hófst um vorið þar sem yfirborð götu var endurnýjað ásamt því sem nýjar og breiðari stéttar voru lagðar í sunnanverðu Kaupvangsstræti. Vinna við endurnýjun á yfirborði stéttar frá Listasafninu og að göngugötu er á áætlun fyrir haustið 2022. Einnig verður bílastæði ofarlega í götunni endurnýjað ásamt aðliggjandi stéttum vorið 2022.

MALBIKUN

Í malbikun var aðallega unnið í Naustahverfi, 6.-7. áfanga (Hagar). Malbikaðar voru m.a. göturnar Margrétarhagi (syðsti hluti), Matthíasarhagi (syðsti hluti), Steindórsahagi, Halldóruhagi (vestasti hluti), Jóninnuhagi, hluti af efra malbikslagi í Kjarnagötu og Naustabraut auk fjölda gangstétta og stíga í hverfinu. Utan Hagahverfisins var Sjafnargatan malbikuð.

BRÚ YFIR GLERÁ - HÓLASANDSLÍNA

Í samvinnu við Landsnet og Rarik var byggð ný reiðbrú yfir Glerá en brúin þjónar einnig þeim tilgangi að vera lagnabré. Verkefnið er hluti af lagningu háspennulínu Landsnets sem kallast Hólasandslína (H3) og var lokið við smíði brúar seint um haustið. Lokafrágangur er svo áætlaður sumarið 2023 þegar Akureyrarbær fær mannvirkið formlega afhent ásamt reiðleiðum að brúnni. Eftir er að vinna við lokafrágang hliðarsvæða þar sem jarðstrengir voru lagðir, ásamt girðingum, ofaníburði og uppsetningu lukta á ljósastaura.

STÍGUR VIÐ HÖRGÁRBRAUT (SJÓNARHÓL)

Gerður var stígur meðfram Hörgárbraut frá Hraunholti meðfram Sjónarhóli og að Hlíðarbraut og lauk jarðvegs- og lagnavinnu árið 2020. Í ár var stígurinn malbikaður, luktir settar upp og byggingu hljóðveggs lokið.

STÍGUR VIÐ SJAFNARGÖTU

Hafist var handa við að gera fyrsta stofnstíginn samkvæmt nýsamþykktu stofnstígakerfi Akureyrarbæjar. Breiður göngu- og hjólastígur frá Síðubraut, meðfram Sjafnargötu og að sveitarfélagsmörkum við Hörgársveit. Jarðvegsskiptum lauk árið 2020. Stígurinn var malbikaður og tré gróðursett en stefnt er að lokafrágangi við stíginn vorið 2022 milli götu og stígs ásamt opnum svæðum við stíginn.

STÍGUR VIÐ GLERÁRSKÓLA

Gerður var stígur við Glerárskóla, frá Melgerðisás og niður að sparkvellingum. Stefnt var að því að leggja malbik á hann í ár en því þurfti að fresta vegna breytinga á hönnun skólalóðarinnar. Malbikið verður lagt árið 2022 ásamt hliðarfrágangi.

STÍGUR VIÐ SMÁBÁTAHÖFN Í SANDGERÐI

Gerður var stígur við hafnarkantinn í Sandgerði og hann malbikaður á árinu. Haldið verður áfram með stíginn á árinu 2022 að nýrri skólphreinsistöð.

STÍGUR/TRÖPPUR - KAUPVANGSSTRÆTI / GILSBÁKKAVEGUR

Smíði á tröppum hófst seint á árinu 2020. Þær voru settar upp á árinu og leysa af hólmi mjög lúnar timburtröppur en tröppurnar eru mikilvæg tenging við miðbæinn.

SVA BREYTING Á LEIÐAKERFI

Fyrri part ársins vann tæknideild með ráðgjöfum að hönnun á breytingum á gatna- og stígakerfi til að laga kerfið að væntanlegri breytingu á leiðakerfi SVA en um mitt árið var þeirri kerfisbreytingu frestað.

TRYGGVABRAUT, HRINGTORG OG HVANNA-VELLIR

Í samvinnu við Vegagerðina, sem er veghaldari Tryggvabrautar, var unnið að hönnun á hringtorgi





og stofnstígum fyrir gangandi og hjólandi meðfram götunni á árinu. Verkið verður boðið út undir lok ársins og gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í lok apríl 2022. Verklök eru áætluð í lok ársins. Framkvæmdirnar eru liður í að bæta umferðarflæði á þessum gatnamótum en umferðarmagn mun aukast vegna opunar Krónunnar haustið 2022. Einnig verður aðgengi gangandi og hjólandi bætt til muna á svæðinu. Hvannavellir verða einnig endurgerðir samhliða þessu verki þar sem aðgengi gangandi og hjólandi verður einnig bætt verulega.

Malbikaðar götur - viðhald

Unnið var að yfirbræðslu gatna og stíga samkvæmt áætlun m.a. á hluta af Kjarnavegi, Kiðagili, Eyrarvegi, Þingvallastræti, Baldursnesi og Mýrarvegi ásamt holufyllingum víðs vegar um bæinn.

Götu- og gangbrautalýsing - endurnýjun

Árið 2017 hófst vinna við endurnýjun gatna- og gangbrautaralýsingar. Um er að ræða endurnýjun vegna kvikasilfursljósa og annarra tegunda. Búið er að skipta um allar kvikasilfurspærur og er verið að skipta þessum ljósum út fyrir LED-ljós sem eru mun ódýrari í rekstri og viðhaldi. Í árslok 2016 var endurnýjun á gatnalýsingu boðin út og var samið við Lettneska fyrirtækið Vizulo um kaup á LED-lömpunum. Árið 2019 var lokið við að skipta út kvikasilfursljósum að stærsta hluta. 2019 var skipt um gatnalýsingu í LED í Hrísey, 2020 var skipt um alla gatnalýsingu í Grímsey og hún uppfærð í LED. Árið 2021 var skipt um lýsingu á nokkrum stöðum á göngubverunum með tilliti til öryggismála.

Umferðaröryggi

Áfram var unnið að umferðaröryggismálum gangandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið í og úr skóla. Haft var samráð við skipulags- og skólayfirvöld. Áfram var unnið að endurbótum á Þjóðvegi 1 í samstarfi við Vegagerðina. Framkvæmdir við Glerárskóla sem fólust í því að bæta við og breikka gangstéttir/stíga og bæta göngubveranir yfir stærri götur í hverfinu. Fínfrágangur verður kláraður sumarið 2022. Unnið var að LED-væðingu gatnalýsingar og kvikasilfursluktum skipt út. Sett var upp sérstök gangbrautarlýsing með LED ljósum á nokkrum stöðum í bænum. Áhersla verður lögð á að lýsa fleiri gangbrautir á árinu 2021 til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Gerðar voru hraðamælingar í hverfum bæjarins og verða niðurstöðurnar notaðar til að meta hvernig tekst til með lækkun umferðarhraða.

GJALDSKYLD BÍLASTÆÐI

Vinna við undirbúning á innleiðingu gjaldskyldu bílastæða í stað klukkukerfis var að mestu lokið á árinu og stefnt var að því að notkun kerfisins hæfist í byrjun árs 2022.

Vinnu við lagfæringar á bílastæðum fyrir hreyfihamlaða var haldið áfram. Unnið var á endurbótum á bílastæðum við Strandgötu, þau breikkuð og hæðarmunur tekinn í burtu.





Umhverfis- og hreinlætismál

Akureyrarbær er framúrskarandi sveitarfélag og jafnvel fyrirmynd annarra í umhverfismálum á mörgum sviðum. Stefna Akureyrarbæjar er að gera enn betur og vera áfram í forystu meðal íslenskra sveitarfélaga. Starfsmenn umhverfis- og mannvirkjasviðs unnu að þeim markmiðum sem eru innan umhverfis- og samgöngustefnu sveitarfélagsins. Einnig var unnið að umhverfis- og loftlagsstefnu fyrir árin 2022-2030. Meginmarkmið bæjarins er að lágmarka kolefnishlutleysi og ná fullum orkuskiptum fyrir árið 2040. Umhverfis- og loftlagsstefna Akureyrarbæjar er m.a. byggð á Parísarsamkomulaginu og þátttöku bæjarins í Global Covenant of Mayors en Akureyrarbær er eitt þriggja sveitarfélaga á Íslandi sem eru aðilar að verkefninu. Það felur í sér yfirlýsingu fjölda borgar- og bæjarstjóra um heim allan um að daga úr losun gróðurhúsalofttegunda, styrkja viðnámsþol vegna loftlagsbreytinga, birta tölulegar upplýsingar um frammistöðu í loftlagsmálum og setja sér markmið um enn betri frammistöðu. Með þessu vilja sveitarfélög sýna að staðbundnar aðgerðir geti haft áhrif á heimsvísu.

Eitt af mikilvægari markmiðum í stefnunni er fræðsla og upplýsingagjöf til bæjarbúa sem og stöðugt upplýsingaflæði en það ætti að auðvelda bæjarbúum að taka upp umhverfisvænan lífsstíl. Meðal verkefna úr stefnunni sem unnið var að árið 2021 má nefna verkefni sem tengjast betri loftgæðum. Í dag eru upplýsingar um svifryk aðgengilegar á rauntíma hverju sinni á heimasíðu bæjarins og götur bæjarins eru sópaðar og þvegðar eftir þörfum. Áfram var haldið að auka LED-götulýsingu í bæjarlandinu, plantað var í græna trefillinn, upplýsingaskilti voru sett upp víðsvegar í bæjarlandinu og rusladöllum fjölgað. Akureyrarbær tók þátt í Evrópsku nýtnivíkunni í fjórða sinn árið 2021 en verkefnið er samevrópskt og hefur það að markmiði að draga úr myndun úrgangs með því að hvetja fólk til að nýta hluti betur og lengja með því líftíma þeirra.

Akureyrarbær sér um viðhald og umhirðu grænna svæða, svo sem slátt og hirðingu, útplöntun sumarblóma, trjá- og runnagróðurs, og klippingar á trjám og runnum. Áfram var unnið að eyðingu skógarkerfils, alaskalúpinu og bjarnarklóar samkvæmt samþykktri aðgerðaráætlun bæjarins og til samræmis við umhverfis- og samgöngustefnu bæjarins.

Í ræktunarstöð bæjarins voru ræktuð um 30.000 sumarblóm. Síðustu ár hefur verið dregið úr gróðursetningu sumarblóma í hverfum bæjarins en áhersla lögð á miðbæjarsvæðið. Í ræktunarstöðinni voru ræktaðar bæði trjá- og runnablöntur af ýmsum tegundum til útplöntunar í bæjarlandið ásamt skógarplöntum.

Matjurtargarðar voru líkt og undanfarin ár starfræktir í tengslum við ræktunarstöðina og var aðsóknin svipuð og síðustu ár. Skólar og leikskólar hafa í síauknum mæli leigt sér garða eða útbúið eigin garða og fengið forræktaðar plöntur hjá ræktunarstöðinni. Þá voru ræktaðar matjurtir fyrir öldrunarheimilin í Hlíð og Lögmannshlíð.

Lystigarðurinn var rekinn með hefðbundnum hætti árið 2021. Framleiddar voru rúmlega 8.000 plöntur og þeim síðan plantað víðs vegar um garðinn.

Í Kjarnaskógi var unnið að ýmsum viðhaldsverkefnum og strandblaksvellirnir þar njóta sem fyrr mikilla vinsælda.

Umhverfis- og mannvirkjasvið hlaut vorið 2021 styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna annars áfanga stígagerðar og brúar í fólkvanginum á Glerárdal. Verkefninu miðaði ágætlega og verður áfram unnið að því sumarið 2022.

Rekstur opinna leiksvæða og boltavalla var með nokkuð hefðbundnu sniði líkt og árin á undan. Rekstur jarðeigna og dýraeftirlits var hefðbundinn





en starfsmenn sem og verktaki annast eftirlit og skráningu hunda og katta, einnig vöktun og eyðingu á rottum, vargfugli, ref og minki og reyna að stemma stigu við útbreiðslu kanína. Undir jarðeignir og dýraeftirlit falla einnig leigulönd bæjarins ásamt fjallgirðingu, landamerkjagirðingu og fjallskilum, sem og leigu beitarlanda.

Farið var í árlegt hreinsunaráttak á Akureyri í maí. Nokkuð góður árangur náðist í að fjarlægja númeralausar bifreiðar, fjölmargir fyrirtækjaeigendur tóku til á lóðum sínum og óæskilegir hlutir voru fjarlægðir af fjölmörgum stöðum í bæjarlandinu. Samvinna var við hestamenn um hreinsun í báðum hesthúsaðverfum innan bæjarlandsins.

Svifryk í andrúmsloftinu á Akureyri er eitt stærsta umhverfisvandamál sem bærinn glímir við og er jafnframt stórt lýðheilsuvandamál. Því er það forgangsmál að fækka þeim dögum sem svifryk fer yfir heilsuverndarmörk. Á Akureyri virðist svifryk vera mest á þurrviðraköflum að vetrarlagi, þegar jörð er snjólaus og naglar undir bílum. Það ætti því að vera kappsmál allra Akureyringa að vinna að því að minnka svifryksmengun í bænum með því að draga úr akstri.

Sorphirðugjaldið árið 2021 var 40.995 krónur á hverja fasteign. 11 grenndarstöðvar eru á Akureyri auk gámasvæðis í Réttarhvammi.

Akureyrarbær hyggst áfram leggja áherslu á umhverfismál og vill gera sífellt betur í þeim mikilvæga málaflokki.

UMHVERFISMIÐSTÖÐ

Starfsmenn Umhverfismiðstöðvar vinna ýmis verk sem tengjast verklegum framkvæmdum og ýmiss konar viðhaldi og umhirðu sem oft er árstíðabundin: snjómokstur og hálkuvarnir yfir veturinn en gatnagerð, malbikun, sláttur og hirðing á opnum svæðum yfir sumarið. Að auki hefur miðstöðin með höndum fjölda annarra verkefna fyrir ýmsar stofnanir bæjarins, svo sem hreinsun á bæjarlandinu og jólaskreytingar.

Rekstrardeild Umhverfismiðstöðvar er í Ráðhúsi Akureyrarbæjar en Umhverfismiðstöðin sjálf er rekin í leiguhúsnæði sem Norðurorka á og rekur á Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg.

STRÆTISVAGNAR AKUREYRAR SVA

Akureyrarbær hefur á undanförunum árum verið að metanvæða strætó- og ferliþjónustufloata bæjarins og á í dag 4 strætisvagna og 5 ferliþjónustubifreiðar sem ganga fyrir metani. Reynslan af metanvögnum hefur verið ákaflega góð og metan sem orkugjafi gefur dísilólú ekkert eftir.

Talningarbúnaður var keyptur í strætisvagnana á árinu og vonir standa til að innan tíðar verði hægt að koma búnaðinum fyrir í bílunum svo hægt verði að hefja talningu sem mun skila betri vitund um notkun og möguleika á greiningu leiðakerfisins eins og það er í dag.

FERLIÞJÓNUSTA

Þjónustan er rekin með 8 bílum auk aðkeyptrar vinnu um helgar og þegar bílar detta út vegna viðhalds og viðgerða.

Síðastliðin 10 ár hefur fjöldi ferða með ferlibílum aukist um 1% að meðaltali. Miðað er við að farnar séu um 10.000 ferðir að meðaltali á bíl á ári. Þegar farið er upp fyrir það hefur þurft að leita meira til verktaka sem hefur verið kostnaðarsamara. Mikilvægt er að halda áfram að endurnýja í flotanum þar sem innan hans er að finna bíla sem eru farnir að kosta mikið í viðhaldi og eru mikið frá vegna bílana.

Slökkvilið Akureyrar

SA sinnir lögbundnum verkefnum eins og slökkvistörfum, eldvarnareftirliti, björgun fastklemmdra og viðbrögð við mengunarslysum. Einnig sér Slökkviliðið um sjúkraflutninga á Akureyri og nágrenni en auk þess sinna sjúkraflutningamenn SA öllum sjúklingum sem fluttir eru með sjúkraflugi á Íslandi.

ELDVARNAREFTIRLIT

Eldvarnareftirlitið starfar eftir lögum um brunamál. Helstu verkefni snúa að reglubundnum skoðunum og umsögnum vegna leyfisskyldrar starfsemi og nýbygginga af ýmsum toga. Einnig sinnir SA ýmsum verkefnum tengdum leiðbeiningarskyldu slökkviliðanna til stofnana og fyrirtækja. Má þar nefna námskeið fyrir atvinnubílstjóra, dyravarðanámskeið og slökkvitækjanámskeið fyrir starfsfólk. Tveir starfsmenn SA sinna eldvarnareftirliti alla jafna en einnig fara þeir í önnur verkefni og útköll hjá slökkviliðinu eftir þörfum. Starfsmenn SA fóru í 156 skoðanir árið 2021, afgangi 62 beiðnir um umsögn eldvarnareftirlits og sinntu 183 gjaldskyldum verkefnum.

ÚTKÖLL

Árið 2021 fóru sjúkrabílar Slökkviliðs Akureyrar í 2.543 útköll samanber 2.352 árið 2020. Þar af voru 737 forgangskýll þar sem farið er í útkall með forgangsljósum. Í sumum tilfellum fara tveir sjúkrabílar úr húsi í sama verkefni en það gildir meðal annars um útköll í hjartastopp, meðvitundarleysi, meiriháttar bílslys, alvarleg veikindi o.fl. Þau teljast samt sem áður sem eitt útkall.

Sjúkraflutningar út fyrir þjónustusvæðið voru 253 árið 2021 samanber 154 árið 2020. Samkvæmt samningi við SÍ þá er viðkomandi sjúkrastofnun látin greiða fyrir þá flutninga.

Sjúkraflugvél Mýflugs fór í 893 sjúkraflug 2021 samanber 623 árið 2020 sem er talsverð aukning. Sjúkraflug Mýflugs er ávallt mannað með a.m.k. einum sjúkraflutningamanni frá SA.

Verkefni á dælubíla liðsins árið 2021 voru 142 talsins, samanber 122 árið 2020. Heildarfjöldi útkalla liðsins árið 2021 voru því 3.578 samanber 3.097 sem gerir 13,6% aukningu útkalla árið 2021. Rólegt hefur verið í stærri brunaútköllum árið 2021.

MANNAUÐUR

Sex starfsmenn SA luku við framhaldsmenntun sjúkraflutningamanna á árinu og hefur það gríðarlega góð áhrif á mannauð SA þar sem fleiri hafa tök á að sinna álagstengdum þáttum eins og sjúkraflugi. Mikil vinna árið 2021 hefur farið í betri vinnutíma sem tekinn verður upp 1. apríl 2022 með ráðningu sex nýrra starfsmanna. Allir framhaldsmenntaðir sjúkraflutningamenn liðsins hafa gild svokölluð ALS-réttindi í sérhæfðri endurlifgun. Þess má geta að það eru réttindi sem einungis er gerð krafa um hjá SA á landsvísu og tengist sjúkrafluginu. Allir starfsmenn SA sem sinna sjúkraflugi eru með gild ALS-réttindi í sérhæfðri endurlifgun en það eru réttindi sem halda þarf við með reglubundnum hætti. Tveir starfsmenn SA hófu nám á árinu í framhaldsmenntun sjúkraflutningamanna á háskólastigi í Boston USA. Stefnt er að því að vera með 7-8 bráðataekna á vöktum en í dag eru 5 starfandi bráðataeknar hjá SA.

BÚNAÐUR

Slökkvilið Akureyrar gekk frá kaupum á nýrri stigabifreið frá Riffaud Echelles í Frakklandi sem verður afhent á árinu 2022.

Slökkviliðið Akureyrar er með vottaða skoðunarstöð fyrir reykjöfunartæki og tveir starfsmenn hafa réttindi til að yfirfara reykjöfunarbúnað SA. Skoðunarstöðin mun spara bæði fé og fyrirhöfn við að senda dýran búnaðinn milli landshluta á hverju ári. Einnig veitir skoðunarstöð SA öðrum slökkviliðum á Norðurlandi sem nota sambærileg reykjöfunartæki þjónustu gegn gjaldi.





COVID 19

Útköll SA vegna Covid 19 árið 2021 voru 73. Öll útköll urðu tímafreakari en venjulega vegna sérstakra smitvarna. Flutningar á sjúklingum með Covid 19 eða þar sem grunur var um smit voru sérstaklega tímafreakir og flóknir. SA tók að sér að manna flutningsbíl fyrir allt Norður- og Austurland til að flytja sjálfbjarga fólk sem þurfti aðstoð en var útsett eða smitað. Það verkefni var sett í gang eftir beiðni frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra 2020.

Bólusetningar vegna Covid 19 fóru fram á slökkvistöðinni. 54 bólusetningardagar voru haldnir með aðkomu SA, HSN, lögreglu og björgunarsveita þar sem yfir 41.000 einstaklingar voru bólusettir.

Mikil frí hafa safnast upp hjá starfsmönnum SA vegna Covid 19. Eftir opnun samfélagsins hefur verið unnið hörðum höndum að því að koma starfsfólki í frí til að taka út uppsafnaða tíma. Þetta hefur gengið framur vonum en um leið hefur styrkleiki vakta oft veikt og álag á bakvaktir yfirmanna aukist.

Starfsfólk SA stóð sig gríðarlega vel á erfiðum tímum sl. ár og tókst á við öll þau flóknu verkefni sem upp komu með miklu jafnaðargeði og yfirvegum. Á það mikið hrós skilið.

Hlíðarfjall

Í kringum 49.000 gestir heimsóttu Hlíðarfjall árið 2021. Covid 19 setti strik í reikninginn og var skíðasvæðið lokað frá 25. mars til 17. apríl eða um alla páskana og Andrésar Andaleikunum var frestað annað árið í röð.

Sumaropnun var frá júlí til september og heimsóttu um 1.650 gestir fjallið á þeim tíma. Þetta var fjórða sumarið sem er opið og hefur aðsókn aukist ár frá ári.

Rekstur veitingasölu og skíða- og brettaskóla Hlíðarfjalls var boðinn út haustið 2020 og rekinn af öðrum rekstraraðilum þann veturinn. Útboð var svo í desember 2021 og fór þá einnig skíðaleigan til annarra rekstraraðila.

Á árinu var rekstur Hlíðarfjalls færður af samfélagsviði yfir til UMSA. Ráðist var í ýmsar framkvæmdir innanhúss á Skíðastöðum. Á miðhæð hússins, veitingasölu og anddyri var m.a. málað, teppalagt og fleira gert.

Ný stólalyfta var tekin í notkun og nefnd Fjallkonan. Lyftan var afhent Hlíðarfjalli af vinum Hlíðarfjalls fyrir veturinn 2021-2022. Fjallkonan var opin gestum frá fimmtudegi til sunnudags viku hverja og gekk vel að keyra hana þennan fyrsta vetur sem hún er starfrækt.

Scandinavian Cup var haldið í skíðagöngu í fyrsta sinn. Fjölmargir af sterkustu keppendum Norðurlandanna tóku þátt í mótinu og voru skipuleggjendur ánægðir með hvernig til tókst. Stefnt er að því að halda mótið annað hvert ár.





Akureyrarbær

Þetta skjal er hluti af ársskýrslu Akureyrarbæjar 2021, aðra hluta má sjá á vef Akureyrarbæjar akureyri.is undir Stjórnkerfi > Útgefið efni > Ársskýrslur

Útgefandi: Akureyrarbær 2022

Ritstjórn: Ragnar Hólm Ragnarsson

Yfirllestur og prófarkir: Brynja Björk Pálsdóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson

Ljósmyndir: María Helena Tryggvadóttir

Mynd af bæjarstjóra: Daníel Starrason

Hönnun og umbrot: Blek hönnunarstofa, blekhonnun.is